

Yngsti stjórnarmaðurinn

Jón Sigurðsson er yngsti stjórnarmaðurinn á vettvangi Kauphallarinnar en hann situr í stjórn N1. Hann er fæddur árið 1978 og er því 38 ára gamall. Jón situr meðal annars einnig í stjórn drykkjarvöruframleiðandans Refresco BV. Jón var forstjóri Stoða (áður FL Group) á árunum 2007-2010 og starfaði þar til nýlega sem starfsmaður sérhæfðra fjárfestinga hjá GAM Management. Jón er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Næstyngsti stjórnarmaðurinn er Emilía Þórðardóttir en hún tók sæti í stjórn Nýherja á þessu ári. Hún er fædd árið 1977 og er því 39 ára gömul. Hún er verkefnastjóri hjá Actavis. Hún er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Tveimur mánuðum eldri en Emilía er svo Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir sem setið hefur í stjórn Regins frá árinu 2014

**Meðalstarfsaldur stjórnar**

HB Grandi	10
Össur	9,2
Marel	7
Nýherji	5,6
Icelandair Group	5,2
Sjóvá	5,2
Eimskip	3,6
Hagar	3,6
N1	3,6
Reitir	3,4
Vodafone	3
TM	2,2
Reginn	2
Síminn	1,8
Eik	1,4
VÍS	0,4

Laun stjórnarmanna

Marel	385.770 kr.
TM	385.000 kr.
Össur	356.000 kr.
VÍS	350.000 kr.
Síminn	325.000 kr.
N1	315.000 kr.
Icelandair Group	300.000 kr.
Sjóvá	300.000 kr.
Reitir	300.000 kr.
Eimskip	290.000 kr.
Reginn	275.000 kr.
Hagar	250.000 kr.
Vodafone	250.000 kr.
Eik	250.000 kr.
HB Grandi	240.000 kr.
Nýherji	150.000 kr.

**Átta í tveimur stjórnunum**

Ásthildur Margrét Otharsdóttir
Marel (formaður) og Icelandair



Bryndís Hrafnkelsdóttir
TM og Reginn



Erna Gísladóttir
Sjóvá (formaður) og Hagar



Helgi Magnússon
N1 (varaformaður) og Marel

Starfsaldur stjórnna sá s

Stefán E. Stefánsson

ses@mbl.is

Í Kauphöllinni eru skráð 16 íslensk fyrirtæki og markaðsvirði þeirra hleypur á nærri 1.000 milljörðum króna. Í stjórn þessara fyrirtækja sitja 74 einstaklingar í 82 stjórnarsætum. Óvenju hörð átök hafa orðið um völdin í nokkrum þessara fyrirtækja á umliðnum mánuðum og hafa þessi átök einatt lotið að togstreitu milli lífeyrissjóða og einkafjárfesta. Sum þessara átaka hafa vakið mikla athygli opinberlega. En hverjir skipa þessi stjórnarsæti og hvernig er samsetning hópsins? ViðskiptaMogginn rýnir nú í það líkt og í fyrra.

Í stjórnunum kauphallarfélaganna 16 sitja 74 einstaklingar í 82 sætum. Af þeim eru 69 Íslendingar en fimm útlendingar eiga aðkomu að stjórnarstarfinu. Þannig sitja tveir útlendingar í stjórn Össurar og einn í stjórn Eimskips, VÍS, Marel og Símans. Í fyrra voru útlendu stjórnarmennirnir fjórir talsins en þeim fjölgaði eftir að Bertrand S. Kan tók sæti í stjórn Símans, skömmu eftir að félagið var skráð í Kauphöllina. Þar sem að félögum á listanum fjölgaði um þrjú í fyrra hefur hlutfall erlendra stjórnarmanna í raun staðið í stað. Þeir fylla um 6% stjórnarsætanna.

Hluttur kvenna hvergi meiri

Hvergi í Evrópu er staða kvenna jafn sterk og á Íslandi þegar litið er til hlutfalls þeirra í stjórnunum skráðra fyrirtækja. Lagasetning, sem tryggði hvoru kyni um sig að lágmarki 40% stjórnarsæta í fyrirtækjum, hefur ráðið miklu um þá þróun en markaðurinn hefur þó gengið lengra en löggjafinn gerir kröfu um. Þannig birti ViðskiptaMogginn fréttaskýringu í febrúar í fyrra þar sem fram kom að hluttur kvenna í skráðum fyrirtækjum á aðallista Kauphallar Íslands væri 43% á móti 57% hlutfall karla. Þegar sama hlutfall er skoðað í dag kemur í ljós að hlutfallið er orðið konum hagfelldara en í fyrra. Þær skipa nú 45% þeirra 82 stjórnarsæta sem til staðar eru hjá fyrirtækjunum 16. Ekki er því loka fyrir það skotið að hluttur kvenna verði, áður en langt um líður, jafn eða jafnvel meiri en karla þegar kemur að þessu tiltekna atriði á vettvangi yf-irstjórnna fyrirtækjanna.

Þessi staða virðist önnur hér á landi en annarsstaðar í Evrópu. Í tölum sem Evrópuráðið tekur saman, kemur í ljós að hluttur kvenna í

helstu skráðu félögum aðildarlandanna er víða fremur rýr á alla mælikvarða. Tölurnar, sem eru frá árinu 2015, sýna að hluttur kvenna í stjórnunum fyrrnefndra fyrirtækja í Svíþjóð var aðeins 33%, í Danmörku var hlutfallið enn lægra eða 26%, Hollandi 25% og Bretlandi 28%. Best reyndist staðan í Frakklandi, þar sem hlutfallið var komið í 36%, og Noregi 39%.

Annar mælikvarði sem litið er til þegar hluttur kvenna í stjórnunum er kannaður snýr að því í hverju mörgum fyrirtækjum konur er falið að leiða stjórnarstarfið með embætti stjórnarformanns. Af fyrirtækjunum 16 í Kauphöll eru stjórnir sex þeirra leiddar af konum. Það á við í tilfalli Marel, VÍS, N1, Sjóvár, Haga og Símans. Það svarar til þess að hlutfall stjórnna undir forystu konu sé 37,5%. Það er lægra en hlutfall þeirra í stjórnarsætum almennt.

Þegar staðan í Evrópu er skoðuð kemur hins vegar í ljós að Ísland sker sig úr hópnun með afgerandi hætti og jákvæðum. Það er aðeins í Serbíu og Makedóníu sem hlutfallið kemst yfir 30%. Í Svíþjóð er það aðeins 8%, Noregi 10% og í Danmörku er það hvorki meira né minna en 0%. Í nýlegri breskri úttekt kom fram að í stjórnnum 150 stærstu fyrirtækjanna á FTSE voru konur aðeins stjórnarformenn í sex þeirra eða 4% af öllum fyrirtækjunum.

Í fimm af 16 stjórnunum kauphallarféлага eru konur nú í meirihluta. Í úttekt ViðskiptaMoggans í fyrra voru aðeins tvær stjórnir af 13 skipaðar fleiri konum en körlum. Þannig hefur hlutfallið farið úr rúmum 15% í 25% á einu ári. Í ár eru það stjórnir Haga, Eikar, TM og HB Granda þar sem þetta er raunin.

Fleiri í tveimur stjórnunum

Í fyrra reyndust sjö stjórnarmenn sitja í stjórn fleiri en eins skráðs félags. Í þann hóp hefur bæst einn einstaklingur. Nú er hlutfall kynjanna jafnt. Fjórar konur og fjórir karlar skipa sér í þennan hóp en í fyrra hallaði á karla hvað þetta hlutfall varðar. Þá voru þeir þrjú talsins. Nokkra athygli vekur að allir stjórnarmennirnir sem sitja í tveimur stjórnunum, að einum undanskildum, gegna annað hvort varaformennsku eða formennsku í öðru félaganna sem þeir gegna trúnaðarstörfum fyrir. Þá eru tveir þessara aðila varaformenn beggja stjórnna, þ.e. þau Hildur Dungal í Vodafone og Nýherja og Tómas Kristjánsson í Reginn og Sjóvá.

Þá vekur það nokkra eftirtekt að þrjú þessara aðila sitja bæði í stjórn tryggingafélags og félags í annars konar rekstri. Það á við um þau Tómas Kristjánsson og Ernu Gísladóttur (hún situr einnig í stjórn Haga), sem sitja í stjórn Sjóvár, og Bryndís Hrafnkelsdóttir sem sæti á í stjórn TM og Regins. Um tryggingafélög gilda sértækar reglur, umfram þau önnur sem skráð eru á aðallistann, þar sem þau eru fjármálafyrirtæki í skilningi laga. Um stjórnarmenn þeirra gilda einnig strangari reglur en almennt er og þá er einnig mjög algengt að tryggingafélög fjárfesti í hlutabréfum annarra fyrirtækja og því er meiri hætta á hagsmunaaðrekstrum á vettvangi stjórnna þeirra heldur en annars staðar þegar um stjórnarsætu í öðrum fyrirtækjum er að ræða.

Stjórnarlaunin hækka milli ára

Stjórnarlaun í fyrirtækjum eru sívinsælt bitbein í opinberri umræðu. Í fyrra blés nokk-

Laun stjórnarformanns		Meðalaldur stjórnarmanna	
Marel	1.152.000 kr.	HB Grandi	63,6
Össur	888.000 kr.	Össur	59,1
TM	770.000 kr.	N1	58,5
Síminn	650.000 kr.	Eimskip	56,8
N1	630.000 kr.	Icelandair Group	56,5
Icelandair Group	600.000 kr.	Reitir	55,6
VÍS	600.000 kr.	Marel	54,3
Sjóvá	600.000 kr.	Vodafone	53,7
Reitir	600.000 kr.	Eik	53,4
Eimskip	575.000 kr.	Sjóvá	51,8
Reginn	550.000 kr.	Reginn	51,8
Vodafone	500.000 kr.	Síminn	48,7
Hagar	500.000 kr.	Hagar	48,5
Eik	500.000 kr.	VÍS	48,2
HB Grandi	480.000 kr.	TM	48,1
Nýherji	450.000 kr.	Nýherji	46,7

Enginn setið lengur í stjórn

Kristján Loftsson settist fyrst í stjórn HB Granda árið 1988 og hefur setið þar samfleytt í 28 ár. Enginn hefur setið lengur í stjórn skráðs félags hér á landi. Þegar Kristján settist í stjórnina var hann 45 ára gamall. Nú 28 árum síðar á hann einnig vinninginn þegar kemur að keppninni um lengstan lífaldur stjórnarmanna í kauphallarfélagi. Fyrr á árinu varð hann 73 ára. Hann er 186 dögum eldri en Víglundur Þorsteinsson sem sæti hefur átt í stjórn Eimskips frá árinu 2012. Þriðji elsti stjórnarmaðurinn er svo Kristján Tómas Ragnarson, varaformaður stjórnar Össurar. Hann er 72 ára og heldur, líkt og Víglundur upp á 73 ára afmæli sitt síðar á þessu ári.



Hæstu stjórnarlaunin hjá Marel

Marel greiðir hæstu stjórnarlaunin af kauphallarfélagunum 16. Launin eru ákvörðuð í evrum og því hafa þau tekið nokkrum breytingum vegna gengisstyrkingar krónunnar. Hins vegar voru stjórnarlaunin hjá Marel ekki hækkuð á aðalfundi nú í ár frá því sem áður var. Þó Marel greiði hæstu stjórnarlaunin í Kauphöllinni þá munar ekki miklu á meðstjórnendum þar og í tryggingafélaginu TM. Hins vegar eru laun stjórnarformanns Marel, Ásthildar Margrétar Otharsdóttur, hin langhæstu af fyrirtækjunum 16. Skýrist þessi mismunur á því að hjá Marel þiggur stjórnarformaðurinn þreföld stjórnarlaun fyrir störf sín meðan hjá öllum hinum félögum, að Nýherja undanskildum, eru laun stjórnarformannsins tvöföld þau sem meðstjórnendur þiggja. Hjá Nýherja er sama regla við lýði og hjá Marel en launin eru þó mun lægri.



Hildur Dungal
Vodafone (varaform.)
Nýherji (varaform.)



Stefán Árni Auðólfsson
Hagar (varaform.)
og Síminn





Tómas Kristjánsson
Reginn (varaform.)
og Sjóvá (varaform.)



Þórarinn V. Þórarinnsson
Reitir (formaður)
og N1

Í stjórnnum fyrirtækja í Kauphöllinni eru 82 aðalsæti

37 
45 



**Meðalstjórnar-
maðurinn**

Kyn: Karlmaður

Aldur: Fæddur
3. febrúar 1963

Menntun: Cand.oecon.
og próf í verðbréfa-
miðlun

Föst stjórnarlaun:
380.000 á mánuði

Lengd stjórnarsetu:
4,2 ár

sami hér og í Bretlandi

Meðalstarfsaldur stjórn-
anna 16 reynist 4,2 ár og
breytist það hlutfall ekkert
milli ára. Hins vegar er
staðan mjög ólík milli
fyrirtækjanna innbyrðis.

úð köldu um útgerðarfélagið HB Granda þegar tekin var ákvörðun um að hækka stjórnar-
laun um tugi prósent. Hækkunina skýrðu
forsvarsmenn félagsins með því að stjórnar-
launin hjá fyrirtækinu væru mun lægri en hjá
öðrum sambærilegum fyrirtækjum. Þau rök
stóðust enda skoðun. Þannig voru laun al-
mennra stjórnarmanna hjá HB Granda aðeins
150 þúsund krónur á mánuði og voru þá að-
eins rétt 40% af launum meðstjórnenda hjá
fyrirtækjum á borð við TM og Icelandair
Group. Þá varð töluverð umræða í kringum
það þegar stjórnarlaun hjá tryggingafélaginu
VÍS voru hækkuð myndarlega eða um 75% í
apríl á síðasta ári. Vegna harkalegra við-
bragða, m.a. hjá forystumönnum verkalýðs-
hreyfingarinnar, afsalaði stjórnin sér laun-
unum. Sú ákvörðun stóð þó aðeins fram á
adventuna því hinn 18. desember sama ár var
rykið dustað af tillögnum og hún var sam-
þykkt án mikilla mótbára.

Nú þegar félögin hafa öll lokið aðalfundum
sínunum, að Högum undanskildum, er nokkuð
skýr mynd komin á hver þóknun stjórnanna
verður næsta starfsárið. Í flestum tilvikum er
hækkun stjórnarlauna á bilinu 10–15% og því í
takti við launabreytingar almennt í landinu.

Sem fyrr greiðir Marel langsamlega hæstu
launin til stjórnarformanns síns, Ásthildar
Margrétar Otharsdóttur, eða rúmar 1.150 þús-
und krónur á mánuði. Munar þar meira en
kvartmilljón á formanninum sem kemst næst
þessu, Niels Jacobsen hjá Össuri, en hann fær
greiddar tæpar 900 þúsund krónur á mánuði.
Fast á hæla hans kemur svo stjórnarformaður
TM, Örvar Kjærnsted, með 770 þúsund á
mánuði. Áhugavert er að sjá að stjórnar-
formenn Símans og N1 eru með hærri laun en
stjórnarformaður Icelandair. Samanlagt mark-
aðsvirði fyrrnefndu fyrirtækjanna tveggja er
rúmir 50 milljarðar en virði Icelandair er met-
ið á liðlega 180 milljarða. Stjórnarformaður
Icelandair þiggur 600 þúsund krónur á mánuði
fyrir störf sín en stjórnarformaður Símans 650
þúsund og formaður stjórnar N1 630 þúsund
krónur.

Laun almennra stjórnarmanna eru eins og
gefur að skilja mun lægri en stjórnarfor-
manna. Hæstu stjórnarlaunin eru hjá Marel
og TM eða um 385 þúsund krónur á mánuði.
Á eftir þeim koma svo Össur og VÍS með rétt
um 350 þúsund krónur. Lægstu stjórnarlaunin
eru sem fyrr hjá Nýherja eða 150 þúsund og
HB Granda sem greiðir stjórnarmönnum sín-
um 240 þúsund krónur á mánuði. Sé meðaltal
tekið af stjórnarlaunum félaganna kemur í ljós
að það liggur rétt undir 300 þúsund krónum á
mánuði eða 3,6 milljónum á ársgrundvelli.

Stjórnarlaunin sem slík segja þó ekki alla
söguna því fyrirtækin greiða stjórnarmönnum
oftast nær einnig þóknun fyrir setu í undir-
nefndum og munar þar mestu um endurskoð-
unarnefndirnar. Formaður í slíkri nefnd getur
farið langt með að tvöfalda þóknun sína fyrir
stjórnarsetu. Það á til dæmis við um varafor-

mann stjórnar Marel sem þiggur nærri 400
þúsund krónur á mánuði fyrir störf sín í þágu
endurskoðunarnefndar fyrirtækisins.

Starfsaldur á vettvangi stjórnanna

Áhugavert er að rýna í starfsaldur stjórn-
anna enda almennt mikið lagt upp úr því að
blanda saman reynslu og nýrri sýn þegar
stefnumörkun fyrirtækja er undir. Meðal-
starfsaldur stjórnanna 16 reynist 4,2 ár og
breytist það hlutfall ekkert milli ára. Hins
vegar er staðan mjög ólík milli fyrirtækjanna
innbyrðis. Þannig vekur athygli að hinar miklu
væringar í kringum stjórnarkjör í VÍS valda
því að stjórnarmenn félagsins hafa setið 0,4 ár
að meðaltali. Lengstu stjórnarsetuna eiga þau
Herdis Fjeldsted og Jostein Sørvoll en þau
komu inn í stjórnina í fyrra. Næststystu
stjórnarsetuna er svo að finna hjá fasteigna-
félaginu Eik. Þar hefur einn stjórnarmaður
setið frá 2013, einn frá árinu 2014, tveir frá
2015 og einn kom nýr inn nú í ár.

Hjá HB Granda er hins vegar allt önnur
staða uppi á teningnum. Þannig er með-
alstarfsaldurinn þar á bæ 10 ár. Mestu munar
þar um þau 28 ár sem Kristján Loftsson, nú-
verandi stjórnarformaður, hefur vermt
stjórnarsæti hjá fyrirtækinu en þá hefur Hall-
dór Teitsson einnig setið við borðið frá árinu
2003. Þá er meðalstarfsaldur stjórnar Össurar
einnig nokkuð hár eða 9,2 ár og munar þar
mestu um starf Kristjáns Tómasar Ragnar-
arssonar en hann kom fyrst inn í stjórnina ár-
ið 1999.

Sem fyrr munar nokkru á því hversu lengi
konur og karlar hafa setið í stjórnnum fyrir-
tækjanna. Karlarnir hafa að meðaltali setið 4,9
ár en konurnar 3,4 ár. Hlutfallið er næstum

hið sama og í fyrra en tímabilið hjá konunum
þokast þó örlítið í átt að körlunum.

Erfitt er að finna áreiðanlega tölfræði sem
gerir kleift að bera saman lengd stjórnarsetu
hér á landi í samanburði við nágrannalöndin.
Þó hefur breskt ráðgjafafyrirtæki birt tölfræði
yfir lengd stjórnarsetu í 150 stærstu fyr-
irtækjum Bretlands. Þar kemur fram að í
fyrra höfðu stjórnarmenn setið í fyrirtækj-
unum í 4 ár. Hafði sá tími styst eilítið eða úr
4,2 árum árið á undan. Sú tölfræði gefur til
kynna að staðan hér á landi sé ekki úr takti
við það sem gerist erlendis, jafnvel þó fremur
skammt sé síðan hlutabréfamarkaðurinn var
endurreistur hérlendis.

Langflestir viðskiptamenntaðir

Þegar menntun hópsins er skoðuð kemur
glögglega í ljós að hún er af mjög fjöl-
breyttum toga. Stærstur hluti hópsins hefur
einhvers konar viðskiptamenntun að baki, allt
frá diplómaprófum, BS-prófum, endurskoð-
unarprófum til doktorsgráða. Einstaklingar
með nám af þeim toga telja til um 60% hóps-
ins. Þá hefur einnig stór hópur fólks lokið lög-
gildingarprófi í verðbréfamiðlun.

Næststærsti hópurinn hefur á að skipa
embættisprófi í lögfræði. Margir í þeim hópi
hafa einnig lokið prófi í verðbréfamiðlun eða
framhaldsnámi í lögfræði. Athygli vekur að þó
lögfræðingarnir í stjórnunum séu aðeins 15
talsins þá sitja lögfræðingar, einn eða fleiri, í
stjórnnum 75% félaganna.

Af öðrum námsgreinum sem stjórnarmenn-
irnir hafa lokið fullnaðarprófi í má nefna
stjórnsmálfræði, verkfræði, tæknifræði, lyfja-
efnafræði, tryggingastærðfræði, læknisfræði,
sjávarútvegsfræði, sjúkrahjálfun og heimspeki.